

Varðandi leikskólamál á Selfossi.
Berist til sveitastjórnar Árborgar.

Ég undirrituð hef áhuga á að brúa bilið milli leikskólabarna og aldraðra. Ég hef fulla trú á því að þetta sé vannýtt nálgun. Ég geri mér grein fyrir því að leikskóla og grunnskólabörn fara oft í heimsóknir og t.d lesa fyrir heldra fólkið okkar sem er gott og blessað en ég tel vð getum gert betur svo bæði börn og fullorðnir fá jafn mikið útúr samskiptunum. Mörg börn eiga ekki ömmur og afa og margar ömmur og afar eiga engin barnabörn á þessum aldri. Ég hef þá trú að því að þetta gangi saman í daglegum athöfnum að vera með einkarekinn leikskóla í íbúðakjarna aldraðra þar sem hægt væri að samnýta matsal þar sem allir sitji í bland (þó engin neyddur til þess). Börn eru nokkuð opin í samskiptum og spyrja mikið og vilja gjarnan læra af þeim sem eldri eru. Matsalir, lífsleiknistundir og jafnvel útivist gætu nýst báðum aldurshópum. Ég hef kynnt mér þetta talsvert og sé að mikið er til af allskyns heilsu leiksskólum, sem er gott í sjálfu sér en ég velti fyrir mér hvað heilsa er ef við höfum ekki menningu og lærum að hlusta á þá sem eldri eru og læra á lífið í gegnum frjáls samskipti frekar en fyrirfram ákveðnar lestrarstundir eða slíkt.

Ég leitaði ráða hjá Möggu Pálu Hjalladrottningu og hún leiðbendi mér að leggja inn fyrirspurn varðandi þörfina og viljan hjá viðkomandi sveitafélagi þar sem ég væri greinilega með ástríðu fyrir að byggja brú milli þessara tveggja aldurshópa. Þar sem ég er að flytja á Selfoss og sé að það er talsverð vöntun á leikskólaplássum langaði mig að ath hvort Árborg væri til í að hoppa á vagninn og finna möguleika á því að vera í samstarfi með þróun á slíkri hugmynd í samstarfi við mig. Ég geri mér grein fyrir því að ríkið rekur flest hjúkrunarheimili og jafnvel íbúðakjarna en sveitafélögin hafa verið að koma að húsnæðismálum.

Til að þessi hugmynd gæti komið til framkvæmda þá leita ég eftir því að sveitafélagið kæmi inn í þetta með einhverskonar samstarfi/samningi jafnvel með húsnæði t.d á hjúkrunarheimili eða í íbúðakjarna fyrir aldraða undir 2-3ja deilda leikskóla þar sem möguleiki væri á að samnýta t.d mötuneyti, sal og úti aðstöðu. Einnig þjónustusamning við Árborg varðandi pláss fyrir þau börn sem eru næst á lista og „Leikskólinn“ fengi þá upphæð sem væri eyrnamerkt hverju barni í aðra leikskóla . Einnig ef hægt væri að sækja einhverja styrki til kaups á innanstokksmunum.

Með vinsemd og virðingu
Bergþóra Haralds Eiðsdóttir